



NEYTENDASTOFA

Ákvörðun nr. 18/2021

Ákvörðun um sektir vegna vanrækslu Lyf og heilsu hf., rekstraraðila Apótekarans í Keflavík, að fara að fyrirmælum Neytendastofu um verðmerkingar

I.

Málsmeðferð

Í marsmánuði 2021, kom starfsmaður Neytendastofu í Apótekarann Keflavík, sem er rekið af Lyf og heilsu hf., í þeim tilgangi að kanna ástand verðmerkinga. Verðmerkingar voru skoðaðar með tilliti til ákvæða 17. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, sem kveður á um það að fyrirtækjum sem selja vörur eða þjónustu beri að verðmerkja vöru sína og þjónustu og sýna það á áberandi hátt á sölustaðnum, sem og ákvæða reglna nr. 536/2011 um verðmerkingar og einingarverð við sölu á vörum. Samkvæmt reglunum ber fyrirtækjum að verðmerkja vöru með réttu söluverði þar sem hún er höfð til sýnis neytendum. Skoðun starfsmanns Neytendastofu leiddi í ljós að ástand verðmerkinga í apótekinu og á bakvið afgreiðsluborð var ábótavant. Í athugasemdum var tiltekið að verðmerkingar vanti á Rimmel naglalökk, Ty tuskudýr, Maybellin vörur, Nivea Q10, Opal sælgæti og GA stand.

Starfsmaður Apótekarans Keflavík kvittaði fyrir komu starfsmanns Neytendastofu og þeim athugasemdum sem gerðar voru við ástand verðmerkinga. Í lok skoðunarinnar skildi starfsmaður Neytendastofu eftir bréf hjá fyrirtækinu þess efnis að skoðunin hefði farið fram og að Neytendastofa myndi senda fyrirtækinu bréf þar sem gerð yrði nánari grein fyrir ástandi verðmerkinga.

Með bréfi Neytendastofu til Lyf og heilsu, dags. 24. mars 2021, greindi stofnunin fyrirtækinu frá niðurstöðum skoðunarinnar og gerði grein fyrir þeim ákvæðum sem í gildi eru um verðmerkingar. Þá var þeim eindregnu tilmælum beint til Lyf og heilsu að koma verðmerkingum í betra horf. Í bréfinu kom fram að könnun stofnunarinnar yrði fylgt eftir með nýrri könnun og mætti fyrirtækið búast við því að tekin yrði ákvörðun um sektir, samkvæmt IX. kafla laga nr. 57/2005, yrði ekki farið að fyrirmælum stofnunarinnar um að koma verðmerkingum í rétt horf.



Hinn 27. apríl 2021, var ástand verðmerkinga aftur skoðað í apótekinu. Enn voru gerðar athugasemdir við að verðmerkingum væri ábótavant þar sem verðmerkingar á bakvið afgreiðsluborð væru of litlar. Þá var gerð athugasemd við að Ultractive Magnesíum væri óverðmerkt.

Með bréfi Neytendastofu til Lyf og heilsu, dags. 7. maí 2021, var fyrirtækinu gefinn tíu daga frestur til að koma að skýringum eða athugasemdum í málinu áður en tekin yrði ákvörðun um sektir á grundvelli IX. kafla laga nr. 57/2005.

Í svari Lyf og heilsu, dags. 14. maí 2021, kom fram að það vantaði eina verðmerkingu í apótekinu sem var lagfært á meðan skoðun stóð yfir. Þá kom fram að þegar viðskiptavinir vilja sjá verð á lausasölulýfjum verða þeir að koma að afgreiðsluborði sem væri ekki gert nema það væri verið að afgreiða viðkomandi og að þá væri starfsmaður til staðar. Tekið var fram að verðmerkingar á vörum á bakvið afgreiðsluborð væru stærri en nafn viðkomandi vöru og sæist vel þegar staðið væri við afgreiðsluborð.

II. Niðurstaða

Í máli þessu hefur Lyf og heilsa hf. í verslun sinni Apótekararannum Keflavík, ekki sinnt fyrirmælum Neytendastofu um að koma verðmerkingum í viðunandi horf innan tilskilins frests.

Ákvæði 17. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, er svohljóðandi:

„Fyrirtæki, sem selur vörur eða þjónustu til neytenda, skal merkja vöru sína og þjónustu með verði eða sýna það á svo áberandi hátt á sölustaðnum að auðvelt sé fyrir neytendur að sjá það. Neytendastofa getur sett nánari ákvæði um verðmerkingar með opinberri tilkynningu.“

Samkvæmt ákvæðinu ber söluaðilum ávallt að gefa upp verð á vörum og þjónustu. Á grundvelli heimildar ákvæðisins, sem og ákvæðis 18. gr. sömu laga, sem snýr að heimild Neytendastofu til að gefa fyrirtækjum sérstök fyrirmæli um að gera ráðstafanir til að auðvelda viðskiptavinum að meta verð og gæði, hefur Neytendastofa sett reglur nr. 536/2011, um verðmerkingar og einingarverð við sölu á vörum.

Um verðmerkingar á vörum segir í 1. og 2. mgr. 3. gr. verðmerkingareglanna:



„Fyrirtæki skal skýrt og greinilega merkja vöru sína með réttu söluverði og einingarverði í íslenskum krónum.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er þó heimilt að veita sömu upplýsingar nálægt vöru enda sé augljóst til hvaða vöru verðmerkingin vísar og tryggt sé að neytendur fái án vandkvæða aðgang að upplýsingum um sölu- og einingarverð sem skylt er að veita samkvæmt reglum þessum, sbr. 4. gr.“

Samkvæmt ákvæðunum ber Lyf og heilsu að verðmerkja allar söluvörur sínar með réttu söluverði. Á fyrirtækjum hvílir afdráttarlaus skylda til að hafa söluvörur ávallt verðmerktar. Í máli þessu voru niðurstöður síðari skoðunar í Apótekanum Keflavík þær að verðmerkingar í apótekinu voru viðunandi, þrátt fyrir eina óverðmerkta vöru, en að verðmerkingum á bakvið afgreiðsluborð væri ábótavant þar sem verðmerkingar á bakvið afgreiðsluborð væru of litlar. Í svörum Lyf og Heilsu hafa komið fram þær skýringar að verðmerkingar voru minnkaðar til að koma til móts við athugasemdir viðskiptavina um að heiti vöru væri sýnilegra á miðunum. Einnig var tekið fram að vilji viðskiptavinir sjá verð á lausasölulýfjum verði þeir að koma að afgreiðsluborðinu sem er ekki gert nema verið sé að afgreiða viðkomandi og þá sé starfsmaður til staðar. Neytendastofa fellst á að nægilegt sé að verðmerkingar séu sýnilegar frá afgreiðsluborði, þaðan sem neytendur standa og sjá vörur sem stillt er upp á bakvið afgreiðsluborð. Það er hins vegar mat Neytendastofu að til þess að uppfylla skilyrði um að verð sé sýnt með svo áberandi hætti að neytendur eigi auðvelt með að sjá það verði verðmerkingar að vera nægilega sýnilegar til þess að neytandi geti auðkennt verð á vöru án aðkomu eða aðstoðar starfsmanns. Lyf og heilsa hefur því ekki farið að tilmælum Neytendastofu um að koma verðmerkingum sínum í viðunandi horf innan tilskilins frests og því þykir stofnuninni nauðsynlegt að beita þeim úrræðum sem lög nr. 57/2005 heimila.

Ákvæði 1. mgr. 22. gr. laga nr. 57/2005 segir:

„Neytendastofa getur lagt stjórnvaldssektir á fyrirtæki sem brjóta gegn:

[...]

b. stjórnvaldsreglum og ákvörðun Neytendastofu gegn viðskiptaháttum sem brjóta í bága við ákvæði II.-VIII. kafla [...]

c. reglum og fyrirmælum Neytendastofu um ráðstafanir til að auðvelda viðskiptavinum að meta verð og gæði, sbr. 18. gr.“

Með vísan til alls framangreinds, sem og að teknu tilliti til meðalhófsreglu stjórnsýslulaga og jafnræðisreglu stjórnsýslulaga og með hliðsjón af sektarákvörðunum í sambærilegum málum, þykir Neytendastofu hæfilegt að leggja á Lyf og heilsu, stjórnvaldssekt að fjárhæð 50.000 kr. (fimmtíuþúsundkrónur). Sektina skal greiða í ríkissjóð eigi síðar en þremur mánuðum frá dagsetningu ákvörðunar þessarar.



III.

Ákvörðunarorð:

„Lyf og heilsa hf., Síðumúla 20, Reykjavík, hefur brotið gegn ákvæði 17. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, sem og ákvæði 3. gr. reglna nr. 536/2011, um verðmerkingar og einingarverð við sölu á vöru, með óviðunandi verðmerkingum í Apótekanum Keflavík. Þá hefur fyrirtækið ekki farið að fyrirmælum Neytendastofu þess efnis að koma verðmerkingum sínum í viðunandi horf.

Með heimild í b. og c. lið 1. mgr. 22. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, leggur Neytendastofa stjórnvaldssekt á Lyf og heilsu hf. að fjárhæð kr. 50.000 (fimmtíuþúsundkrónur). Sektina skal greiða í ríkissjóð eigi síðar en þremur mánuðum frá dagsetningu ákvörðunar þessarar.“

Neytendastofa, 16. júlí 2021.

Þórunn Anna Árnadóttir
forstjóri

Matthildur Sveinsdóttir